

AUGLÝSING

um sameiningu Reykjahrepps og Húsavíkurkaupstaðar.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 7. mars 2002 staðfest sameiningu Reykjahrepps og Húsavíkurkaupstaðar í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjóra skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara þannig að bæjarstjórn Húsavíkur kys tvo fulltrúa og tvo til vara og hreppsnefnd Reykjahrepps einn og einn til vara. Undirkjörstjórnir þær sem kosnar voru á Húsavík og kjörstjórn sem kosin var í Reykjahreppi í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður kosið um nafn hins sameinaða sveitarfélags samkvæmt tillögu sameiningarnefndar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 2002.

Páll Pétursson.

Hermann Sæmundsson.